

Peningar Guðs, ábyrgð okkar

Peningar og hvernig við notum þá er jafn mikilvægt fyrir Guð eins og okkur. Í Orðskviðunum er meira ritað um peninga en nokkuð annað efni. Þeir geta bæði verið blessun eða bölvun. Viðhorf okkar til þeirra ákvarðar hvernig við notum þá í þessu lífi.

1. Hverjum tilheyrir heimurinn, eignir okkar og við sjálf? Sálmarir 24.1-2

2. Hver gefur hæfileikann til að afla auðs? 5 Mósebók 8.18; 1 Kroníkubók 29.12

3. Við hvers konar viðhorfi á peningum varar Guð okkur? Orðskviðirnir 11.28; Sálmarir 49.17-21; Lúkas 12.15-21; 1 Tímóteusarbréf 6.17-19

Ath. Allir peningar okkar og eignir tilheyra Guði og það er hann sem veitir þá. Hann vill að við treystum honum en ekki okkur sjálfum.

4. Hvernig geta peningar verið freisting? 1 Tímóteusarbréf 6.6-10

Ath. Það er auðvelt að falla í þá gryfju að sækjast eftir peningum á kostnað alls annars í lífinu. Margt fólk lifir eins og peningar séu æðsta takmarkið. Og í raun er þá öllu öðru ýtt til hliðar, sérstaklega trú okkar og traust á Guði. Þetta er eitthvað sem við verðum að varast.

5. Hvernig tekst Guð á við þetta vandamál? Lúkas 12.22-34

6. Þurfum við að gefa af peningum okkar? Orðskviðirnir 11.25-26; Lúkas 6.38

Ath. Heimurinn reynir að halda í eins mikið og hægt er, en Guð blessar þá sem gefa fúslega af eignum sínum, tíma og orku. Þegar við gefum sér Guð okkur fyrir meiru svo að við getum gefið enn meira. Við það að gefa fer maður að sjá eignir sínar í réttu ljósi. Við gerum okkur grein fyrir að þær voru í rauninni aldrei okkar, heldur veitti Guð okkur þær til að hjálpa öðrum.

27-2

7. Ættum við að spara fyrir framtíðina? Orðskviðirnir 21.20

8. Eigum við að ganga í ábyrgð fyrir aðra? Orðskviðirnir 17.18; 22.26-27

9. Eigum við að lána þeim sem biðja okkur? Lúkas 6.34-35; 5 Mósebók 15.7-8, 10-11

Ath. Þeir peningar sem við ákveðum að láta aðra fá er gjöf en ekki lán. Þess vegna þurfum við að vera viss um að hafa efni á því sem við gefum.

10. Hvert ætti viðhorf okkar til peninga að vera gagnvart Guði? Sálmur 96.8; Orðskviðirnir 3.9-10

Ath. Með „frumgróða“ er átt við þá venju að gefa Guði fyrsta og besta hluta uppskerunnar. 5 Mósebók 26.9-11. Margir gefa Guði afganginn. Margir gefa aðeins ef þeir telja að þeir geti gefið eitthvað smá. Þetta fólk kann að vera einlægt og gefa fúslega, en það byrjar á öfugum enda. Við þurfum að gefa Guði fyrsta hlutann af tekjum okkar. Það sýnir að Guð, en ekki eignirnar, skipar æðstan sess í lífi okkar og að eignir okkar tilheyra honum og að við erum aðeins ráðsmenn þess sem Guðs er. Að byrja á því að gefa Guði fyrst hjálpar okkur að sigrast á ágirnd og að fara réttilega með það sem Guði tilheyrir. Einnig opnar það okkur leið til að taka á móti sérstökum blessunum Guðs.

11. Hversu mikinn álítur Guð „frumgróðann“ vera? 5 Mósebók 14.22-23

12. Hverju lofar Guð okkur ef við skilum honum tíundinni? Malakí 3.6-10

Ath. Fólkidið á dögum Malakís virti að vettugi boð Guðs um að gefa tíund af tekjum sínum til musterisins. Það kann að hafa óttast að tapa því sem það hafði unnið fyrir hörðum höndum en slík skoðun er misskilningur á boði Guðs. „Gefið, og yður mun gefið verða,“ segir Jesús í Lúkasi 6.38. Við þurfum að muna þegar við gefum að þó að blessanirnar sem Guð lofar eru ekki alltaf efnislegar stendur hann alltaf við orð sín.

13. Í hvaða tilgangi átti að nota tíundina á dögum Ísraels til forna?

4 Mósebók 18.21, 23-24

27-3

Ath. Þegar Jósúa leiddi Ísraelíta inn í fyrirheitna landið var sérhverri ættkvísl gefinn viss landshluti að arfleifð. Eina undantekningin var ættkvísl Leví. Sem prestar áttu þeir að nota allan tíma sinn til að þjóna Drottni. Þeim var ekki gefið neitt land til að yrkja, aðeins borgir að búa í. Hinar ellefu ættkvíslirnar gáfu tíunda hluta tekna sinna til þess að halda uppi Levítunum svo að þeir gætu sinnt verki Guðs.

14. Hvernig á að sjá fyrir starfsmönnum Guð í dag, samkvæmt Biblíunni?

1 Korintubréf 9.13-14

15. Hvaða sérstaka loforð gefur Guð þér og fjölskyldu þinni? Filippíbréfið 4.19

Samantekt: Peningar eru ekki rót alls ills, það er kærleikur til þeirra sem er slæmur. Peningar eru nauðsynlegur hlutur sem við þörfnumst öll í lífinu. Og Guð blessar okkur með peningum svo að við getum blessað aðra. Og þegar gjafir gefnar með glöðu geði streyma frá okkur munu blessarnir Guðs streyma til okkar og í gegnum okkur til annarra.

Svör við nr. 27

Spurning 1 – Drottni

Spurning 2 – Guð

Spurning 3 – Að setja ekki traust okkar á peningana

Spurning 4 – Að sækjast eftir peningum framar öllu öðru

Spurning 5 – Settu traust þitt á Guð og hann mun sjá fyrir þér

Spurning 6 – Sankaðu ekki að þér peningum, heldur gefðu örlátlega

Spurning 7 – Já

Spurning 8 – Biblían varar við því

Spurning 9 – Lánið ekki en gefið í staðinn eftir því sem þið getið

Spurning 10 – Færið Guði frumgróðann

Spurning 11 – Fyrstu 10%

Spurning 12 – Hann mun blessa okkur

Spurning 13 – Til að mæta þörfum Levíta prestanna

Spurning 14 – Með tíund og gjöfum til kirkjunnar fyrir starf Guðs

Spurning 15 – Guð mun mæta öllum þörfum þínum